



# Dyrhólaey

Verndar- og stjórnunaráætlun 2014-2023

Október 2014



UMHVERFISSTOFNUN

# Efnisyfirlit

<b>ADGERÐAÁÆTLUN 2014-2018</b> .....	<b>1-3</b>
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>1-5</b>
1.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi og alþjóðleg ábyrgð .....	1-5
1.2. Verndarflokkur.....	1-5
<b>2. LÝSING Á SVÆÐINU</b> .....	<b>2-7</b>
2.1. Mörk svæðisins.....	2-7
2.2. Náttúruminjar .....	2-7
2.3. Menningarminjar .....	2-7
2.4. Innviðir og mannvirki .....	2-7
2.5. Gildi friðlandsins og hefðbundin landnotkun.....	2-8
2.6. Hlunnindanytjar.....	2-8
2.7. Ferðaþjónusta og útivist.....	2-8
2.8. Rannsóknir og fræðsla .....	2-8
<b>3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR</b> .....	<b>3-10</b>
3.1. Lífríki .....	3-10
3.2. Verndun jarðmyndana og landslags .....	3-10
3.3. Landnotkun.....	3-10
3.4. Innviðir.....	3-11
3.4.1. Gönguleiðir, hjólreiðaleiðir og útivist.....	3-11
3.5. Menningarminjar .....	3-12
3.6. Ferðaþjónusta.....	3-12
3.7. Vélbátar, flugvélar, þyrlur og ómönnuð loftför .....	3-12
3.8. Kynning og fræðsla.....	3-12
3.9. Rannsóknir og vöktun .....	3-13
3.10. Öryggismál .....	3-13
<b>VIÐAUKI I</b> .....	<b>3-14</b>
<b>VIÐAUKI II</b> .....	<b>3-15</b>

# Aðgerðaáætlun 2014-2018

Kafli þessi er forgangsróðun þeirra aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu fimm árum.

## Lífriki

- Metið skal árlega hvort þörf sé á að loka svæðinu að einhverju eða öllu leyti á varptíma.
- Stefnt skal að því að gerð verði rannsókn- og vöktunaráætlunar á gróðri og öðru lífríki fyrir lok árs 2015. Þar skal m.a. koma fram tíðni og fyrirkomulag vöktunar á fuglalífi og ástandi gróðurs.
- Komið verði í veg fyrir jarðvegsrof, gróðureyðingu og truflun á dýralífi af völdum ágangs manna með stýringu umferðar með stígum og merkingum. Lagt skal mat á árangur þeirrar stýringar árlega.
- Umhverfisstofnun óski eftir því við sveitarfélagið Mýrdalshrepp að áfram verði fylgst með ágangi refs og minks á varp- og ungatíma og að sveitarfélagið sjái um eyðingu dýranna eftir því sem ástæða er til í samræmi við gildandi lög.
- Stefnt skal að því að ráðist verði í landgræðsluáðgerðir í formi styrkingar gróðurs með áburðardreifingu í samráði við Landgræðslu ríkisins árið 2016, að undangengnu kostnaðarmati og gerð verkáætlunar.
- Landvörður skal hafa eftirlit með landnámi ágengra framandi tegunda. Nemi tegundirnar land skulu þær upprættar eftir föngum.

## Landnotkun

- Stefnt skal að því að umfang landnotkunar, t.d. eggjatöku og grasnytja, verði kannað eigi síðar en árið 2017.
- Stefnt skal að því að nytjasvæði í friðlandinu verði afmörkuð og kortlögð eigi síðar en árið 2016.

## Innviðir

- Unnin verði heildstæð framkvæmdaáætlun fyrir svæðið, þar sem hugað verði að útliti og samræmingu innviða. Áætlunin skal liggja fyrir vorið 2015.
- Stefnt skal að því að lokið verði við að ganga frá lagfæringum á fjárhúsi á Háey og geymsluaðstaða fyrir friðlandið verði bætt árið 2016. Samhliða verður að skipta út vatnstanki fyrir salerni á árinu.
- Lokið verði við að byggja salernisaðstöðu við bílastæðið á Lágey eigi síðar en árið 2016.
- Umhverfisstofnun mun óska eftir endurbótum á veginum upp á Háey, sem og bílastæðinu þar, við Vegagerðina árið 2014.
- 
-



- Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur, mun óska eftir því við Vegagerðina að lega bílastæðis á Lágey verði endurskoðuð árið 2016 í samræmi við deiliskipulag. Bílastæðið verði skipulagt og merkt fyrir einkabíla og rútur.

#### **Gönguleiðir, hjólreiðaleiðir og útivist**

- Göngustígum verði viðhaldið eftir föngum.
- Öryggisgirðingum og merkingum verði viðhaldið.
- Stefnt skal að því að merkingar á gönguleiðum og stöðum þar sem sérstaklega þarf að gæta varúðar vegna öryggis, truflunar á fuglalífi og vegna nytja verði bættar árið 2015.

#### **Vélbátar, flugvélar og þyrlur**

- Upplýsingum um bann við landingum þyrla í eygni verði komið til viðkomandi aðila árið 2015.

#### **Kynning og fræðsla**

- Umhverfisstofnun stefnir að því að gefa út fræðsluáætlun fyrir svæðið árið 2018. Þar verði fjallað um fræðsluskilti, útgefið efni og fræðsluefni á vefinn.
- Stefnt skal að því að efnt verði til samstarfs við Köttlu jarðvang um gerð og miðlun fræðsluefnis árið 2014.

#### **Öryggismál**

- Umhverfisstofnun stefnir að því að gefa út öryggisáætlun fyrir friðlandið árið 2018.
- Stígar og mannvirki verði vöktuð m.t.t. öryggismála.
- Stuðlað verði að slysavörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum árið 2015.
- Starfsfólki verði veitt fræðsla og þjálfun um öryggismál og almenna skyndihjálp.

# 1. Inngangur

Dyrhólaey er klettaeyja, um 120 m hár höfði, sem gengur í sjó fram við suðurströnd Íslands. Sá hluti höfðans sem snýr að sjó og í vestur er þverhnipt standberg en norðurhlutinn er aflíðandi brekka. Við sunnanverða Dyrhólaey er klettatanginn Tóin, og í gegnum hann er gat.

Megin markmiðið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir friðlandið Dyrhólaey er að leggja fram stefnu um verndun þess og það hvernig viðhalda eigi verndargildi svæðisins í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Þá er einnig lögð áhersla á að saga og menning Dyrhólaeyjar varðveitist og að öll nýting hlunninda og ferðaþjónusta sé sjálfbær. Sátt skal ríkja um Dyrhólaey, málefni hennar, verndun og nýtingu. Ímynd svæðisins skal vera jákvæð og áfram skal það vera grundvöllur öflugrar atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu og víðar. Áætlunin var unnin af ráðgjafanefnd um friðlandið og starfsfólki Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Verndar- og stjórnunaráætlunin gildir til ársins 2023 og skal þá ný taka við. Árangur verndarráðstafana skal meta að fimm árum liðnum.

Nánari lýsingu og fróðleik um Dyrhólaey er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>.

## 1.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi og alþjóðleg ábyrgð

Dyrhólaey var friðlýst sem friðland samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 101/1978 (Viðauki I). Samkvæmt auglýsingu fer Umhverfisstofnun með málefni friðlandsins, en sveitarfélaginu Mýrdalshreppi var falin dagleg umsjón og rekstur svæðisins með samningi árið 2011. Í gildi er deiliskipulag fyrir Dyrhólaey sem samþykkt var árið 2005.

Í friðlýsingu Dyrhólaeyjar er alþjóðlegra samninga ekki sérstaklega getið en þeir samningar sem hafa þýðingu fyrir lífríki Dyrhólaeyjar eru Bernarsamningurinn frá 1993 og Alþjóðasamþykkt um fuglavernd frá 1956.

## 1.2. Verndarflokkur

Ekki er skýrt kveðið á um tilgang friðunarinnar í auglýsingu um friðlýsingu Dyrhólaeyjar. Þar er þó sérstaklega tiltekið að óheimilt sé að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði þó svo að hefðbundnar nytjar haldist svo sem verið hefur. Umhverfisstofnun hefur heimild til að takmarka ferðir um svæðið á tímabilinu 1. maí - 25. júní ár hvert, þ.e. á varptíma. Með hliðsjón af áherslu á verndun svæðisins á varptíma lítur Umhverfisstofnun svo á að megin verndarandlag Dyrhólaeyjar sé fuglalíf svæðisins. Verndunin er þó ekki einungis fólgin í verndun fuglalífs, heldur er einnig lögð áhersla á að vernda landslag svæðisins, en segja má



að lífríkið sé að vissu leyti fólgið í landslaginu auk þess sem að íhlutun mannsins hefur stuðlað að því lífríki sem er á svæðinu í dag. Með friðlýsingu Dyrhólaeyjar hefur þessi heild verið vernduð. Frá því að Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 hafa orðið breytingar á forsendum sem lágu til grundvallar friðlýsingunni og álag af manna völdum hefur aukist, en fjöldi ferðamanna og ökutækja sem fer inn á eyna ár hvert hefur margfaldast og ferðamannatíminn hefur lengst til muna. Af þeim sökum eru gróður, varplönd og fuglar, jarðfræðilega merk svæði, náttúru- og menningarminjar undir töluverðu álagi.

Samkvæmt IUCN (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin) flokkun friðlýstra svæða er flokkur V, verndað landslag, sá sem einna best getur átt við Dyrhólaey. Á svæðum í flokki V hefur samspil manns og náttúru skapað svæðinu sérstöðu sem byggir á vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þess. Varðveisla þessa samspils er nauðsynleg til verndunar og viðhalds svæða í flokki V og þeirra náttúrufarslegu gilda og annarra gilda sem svæðið hefur. Samkvæmt leiðbeiningum IUCN er megin markmiðið með verndun svæða í flokki V verndun landslags og lífríkis og þeirra náttúruverndagilda sem hafa orðið til með íhlutun mannsins.

## 2. Lýsing á svæðinu

### 2.1. Mörk svæðisins

Friðlandið Dyrhólaey er 151,43 ha að flatarmáli. Mörk svæðisins má sjá á mynd í viðauka I.

### 2.2. Náttúruminjar

Dyrhólaey er talin hafa myndast á hlýskeyði á ísöld og er ein yngsta eldstöðin á gosrein sem gengur frá Mýrdalsjökli. Eyjan er í stöðugri mótun, einkum vegna ágangs sjávar, og hafa á síðustu áratugum orðið umtalsverðar útlitsbreytingar á henni. Dyrhólaey er allmikið gróin en ber þó merki uppblásturs á sumum svæðum. Gróðurfarið ber þess merki að eyjan liggur við opna brimströnd.

Fuglalíf Dyrhólaeyjar er vel þekkt og hentar hún vel til fuglaskoðunar þar sem margar tegundir hafa fundist og tiltölulega auðvelt að fylgjast með háttum margra fuglategunda af stuttu færi. Nokkrar þeirra tegunda sem sést hafa í Dyrhólaey teljast sjaldgæfar á landsvísu, t.d. brandugla, skeiðönd, gulönd og haförn. Sjávardýralífið við Dyrhólaey er einnig fremur auðugt og hafa fundist þar fjöldi tegunda, s.s. kræklingur, sandsíli, bleikja, sjóbirtingur, sandkoli, flundra o.fl., auk þess sem landselir og útselir hafa haldið til á svæðinu.

### 2.3. Menningarminjar

Dyrhólaey er sögulega og menningarlega óaðskiljanleg frá byggðinni í Dyrhólahverfi, en íbúar þess hafa frá upphafi byggðar nytjað og verndað náttúruauðlindir eyjarinnar. Mikill fjöldi örnefna, rústir, réttir, garðar og aðrar menjar bera fyrri og síðari mannvistum þessum nytjum glöggt vitni.

### 2.4. Innviðir og mannvirki

Inn á svæðið liggur akvegur frá Þjóðvegi nr. 1 sem skiptist í tvennt, annars vegar að bílastæði á Háey og hins vegar að bílastæði á Lágey. Nokkrar afmarkaðar gönguleiðir eru á svæðinu. Milli Lágeyjar og Háeyjar ofan Kirkjufjöru liggur gönguleið meðfram bjarginu. Á Lágey eru gönguleiðir út á Brestnef, niður í Kirkjufjöru og að útsýnisstað áleiðis að Skorpunefi. Á Háey eru gönguleiðir frá bílastæði út að vita og frá vita út að Tónni. Einnig er gönguleið frá bílastæði við Háey norður í átt að útsýnisstað rétt sunnan Skollastígs. Girðing umlykur friðlandið vestan við Dyrhólaey og norður fyrir friðlandið og grindarhlið er á Dyrhólavegi á mörkum friðlandsins.

Í Dyrhólaey hafa verið reist hús á Háey, en þar er Dyrhólaeyjarviti auk útihúsa sem áður voru nýtt fyrir búfénað. Við útihúsin, sem nú hýsa salerni, hafa verið sett niður rotþró og vatnstankur. Í nágrenni útihúsanna hefur verið reist símamastur.

Í Lágey eru mannvirki sem tengjast áformum um hafnargerð upp úr miðri síðustu öld. Skarð hefur verið sprengt niður í Kirkjufjöru og steypar uppfestur sitt hvoru megin við skarðið.

## 2.5. Gildi friðlandsins og hefðbundin landnotkun

Friðlandið Dyrhólaey er mikilvægur staður í hugum margra og hefur margvísleg gildi fyrir fólk, samfélag og náttúru. Eitt helsta leiðarljósið fyrir verndun svæðisins og viðhaldi gilda þess er að ná sátt um málefni þess, nýtingu og verndun, en í gegnum tíðina hafa spunnist deilur um þessi málefni. Svæðið hefur verið nýtt um aldir og ber staðurinn vitni um það og mannvirki í eygni enduróma sögu hennar. Ábúendur í Dyrhólahverfi hafa nýtt eyna til margra ára, með grastekju, eggjatöku og æðarrækt. Eyjan er í dag vinsæll áningarstaður ferðamanna.

Samfélagslegt gildi Dyrhólaeyjar er fjölbætt. Hún hefur mikið hagrænt gildi þar sem fjölmargir íbúar sveitarfélagsins og aðrir hafa beinar og óbeinar tekjur af Dyrhólaey. Nytjarnar, önnur starfsemi og búseta í eyinni, hafa einnig sögulegt og menningarlegt gildi fyrir samfélagið. Ferðamenn skapa tekjur fyrir ferðaþjónustuaðila og sveitarfélagið og svæðið skapar störf fyrir náttúrufræðinga, landverði og þá sem sinna vitavörslu og viðhaldi og uppbyggingu mannvirkja í eyinni. Svæðið hefur einnig gildi fyrir íbúa Mýrdalshrepps og fleiri landsmenn sem mikilvægur hluti af ímynd svæðisins og raunar landsins alls sem náttúruperlu. Orðspor svæðisins og virðing fyrir staðnum er því mikilvægur þáttur og hefur Dyrhólaey tilfinningalegt gildi fyrir margna, bæði Íslendinga og útlendinga, sem hafa kynnst svæðinu og tengst því böndum.

## 2.6. Hlunnindanytjar

Þau hlunnindi sem nú eru nýtt af landeigendum á svæðinu eru reki, sauðfjárbætur hluta sumars og sjálfbærar nytjar á æðardúni og heilsujurtum. Auk framantaldra hlunninda teljast til hefðbundinna nytja bænda nytjar á fýl og lunda. Gildi þessara nytja bænda í Dyrhólaey er margþætt. Í þeim eru fólgin tækifæri til verðmætasköpunar sem bætir búsetuskilyrði fyrir ábúendur og nytjar bænda eru hefðir sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi. Þá stuðlar verndun og uppbygging æðarvarpsins að verndun annars fuglalífs og gróðurs á svæðinu.

## 2.7. Ferðaþjónusta og útivist

Fjöldi ferðamanna í Dyrhólaey hefur aukist mikið á undanförunum árum, og gera nú margar ferðaskrifstofur að nokkru leyti út á ferðir í Dyrhólaey. Aðal aðdráttarafl eyjunnar fyrir ferðamenn eru fjölbreytt fuglalíf, jarðfræði og landslag.

## 2.8. Rannsóknir og fræðsla

Margar náttúrufræðisrannsóknir hafa verið gerðar í Dyrhólaey auk þess sem fornleifar hafa verið rannsakaðar lítillega.





Þar sem mikill fjöldi ferðamanna heimsækir eyna á ári hverju er hún tilvalin til þess að koma upplýsingum og fræðslu um sögu og náttúru svæðisins á framfæri. Dyrhólaey er einnig hluti af Kötlu Jarðvanginum sem styður enn frekar gildi svæðisins og nágrennis til fræðslu og rannsókna.

## 3. Markmið, stefna og leiðir

### 3.1. Lífríki

Vernda skal lífríki Dyrhólaeyjar.

*Aðgerðir:*

- Metið skal árlega hvort þörf sé á að loka svæðinu að einhverju eða öllu leyti á varptíma.
- Stefnt skal að því að gerð verði rannsókn- og vöktunaráætlunar á gróðri og öðru lífríki fyrir lok árs 2015. Þar skal m.a. koma fram tíðni og fyrirkomulag vöktunar á fuglalífi og ástandi gróðurs.
- Komið verði í veg fyrir jarðvegsrof, gróðureyðingu og truflun á dýralífi af völdum ágangs manna með stýringu umferðar með stígum og merkingum. Lagt skal mat á árangur þeirrar stýringar árlega.
- Mótaðar verði reglur og leiðbeiningar fyrir báta- og flugumferð í því skyni að takmarka áhrif á fuglalíf á árunum 2019-2023.
- Umhverfisstofnun óski eftir því við sveitarfélagið Mýrdalshrepp að áfram verði fylgst með ágangi refs og minks á varp- og ungatíma og að sveitarfélagið sjái um eyðingu dýranna eftir því sem ástæða er til í samræmi við gildandi lög.
- Stefnt skal að því að ráðist verði í landgræðsluáætlun í formi styrkingar gróðurs með áburðardreifingu í samráði við Landgræðslu ríkisins árið 2016, að undangengnu kostnaðarmati og gerð verkáætlunar.
- Landvörður skal hafa eftirlit með landnámi ágengra framandi tegunda. Nemi tegundirnar land skulu þær upprættar eftir föngum.

### 3.2. Verndun jarðmyndana og landslags

Vernda skal jarðmyndanir Dyrhólaeyjar og gæta þess að framkvæmdir rýri ekki ásýnd svæðisins og landslag.

*Aðgerðir:*

- Umhverfisstofnun beitir sér fyrir því að áhrif af ágangi sjávar á jarðmyndanir verði vöktuð á árunum 2019-2023.

### 3.3. Landnotkun

Öll landnotkun innan friðlandsins skal vera í samræmi við markmið um verndun lífríkis og jarðmyndana.

*Aðgerðir:*



- Umfang nytja á æðarvarpi verði vaktað á árunum 2019-2023.
- Stefnt skal að því að umfang landnotkunar, t.d. eggjatöku og grasnytja, verði kannað eigi síðar en árið 2017.
- Stefnt skal að því að nytjasvæði í friðlandinu verði afmörkuð og kortlögð eigi síðar en árið 2016.

### 3.4. Innviðir

Nægir innviðir skulu vera til staðar til að taka á móti þeim gestum sem heimsækja svæðið og aðstaða fyrir starfsfólk skal vera góð. Einnig er það stefna að samræmi sé í útliti og hönnun mannvirkja á svæðinu og að þau falli vel að umhverfi og sögu eynnar.

*Aðgerðir:*

- Unnin verði heildstæð framkvæmdaáætlun fyrir þar sem hugað verði að útliti og samræmingu innviða. Áætlunin skal liggja fyrir vorið 2015.
- Stefnt skal að því að ljúka við að ganga frá lagfæringum á fjárhúsi á Háey og geymsluaðstaða fyrir friðlandið verði bætt árið 2016. Samhliða verður að skipta út vatnstanki fyrir salerni á árinu.
- Lokið verði við að byggja salernisaðstöðu við bílastæðið á Lágey eigi síðar en árið 2015.
- Umhverfisstofnun mun óska eftir endurbótum á veginum upp á Háey, sem og bílastæði á þar, við Vegagerðina árið 2014.
- Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur, mun óska eftir því við Vegagerðina að lega bílastæðisins á Lágey verði endurskoðuð árið 2016 í samræmi við deiliskipulag. Bílastæðið verði skipulagt og merkt fyrir einkabíla og rútur.

#### 3.4.1. Gönguleiðir, hjólreiðaleiðir og útivist

Gönguleiðir í Dyrhólaey skulu vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og þannig að hægt sé að stunda margvíslega útivist og afþreyingu án þess að það hafi neikvæð áhrif á friðlýsta svæðið. Gönguleiðirnar skulu vera vel merktar og þannig gerðar að þær stýri umferð gesta og tryggi öryggi þeirra.

*Aðgerðir:*

- Göngustígum verði viðhaldið eftir föngum.
- Öryggisgirðingum og merkingum verði viðhaldið.
- Stefnt skal að því að merkingar á gönguleiðum og stöðum þar sem sérstaklega þarf að gæta varúðar vegna öryggis, truflunar á fuglalífi og vegna nytja verði bættar árið 2015.
- Gerð verði könnun meðal gesta á upplifun af gönguleiðum svæðisins og merkingum á árunum 2019-2023.
- Merkingar verði settar upp árið 2015 varðandi hjólreiðar, sem skulu eingöngu vera heimilar á akvegum.

### 3.5. Menningarminjar

Menningarminjar skulu verndaðar með því að stuðla að skráningu og fræðslu og að tryggja sé að ekki sé hróflað við þeim. Sögulegum minjum skal einnig viðhaldið.

*Aðgerðir:*

- Óskað verði eftir skráningu og kortlagningu menningarminja og fornleifa í Dyrhólaey í samráði við Minjastofnun Íslands á árunum 2019-2023.
- Á árunum 2019-2023 skal, í umsjá ráðgjafanefndar, unnin samantekt á munnlegum sögnum og heimildum sem tengjast Dyrhólaey.

### 3.6. Ferðaþjónusta

Áfram skal friðlandið í Dyrhólaey vera grundvöllur fyrir fjölbreytt atvinnulíf í sveitarfélaginu. Stefnit skal að því að ferðaþjónusta þar sé sjálfbær og valdi ekki röskun eða óþarfa álagi á lífríki eyrnar.

*Aðgerðir:*

- Viðhorfskönnun verði gerð meðal gesta um upplifun af heimsókn í friðlandið og um ástæður heimsóknarinnar á árunum 2019-2023.
- Umhverfisstofnun stefnir að því að vinna þolmarkagreiningu fyrir friðlandið og innviði þess fyrir árslok 2019.

### 3.7. Vélbátar, flugvélar, þyrlur og ómönnuð loftför

Takmarka skal áhrif vélbáta á fuglalíf og koma í veg fyrir truflun af völdum flugvéla, þyrla og ómannaðra loftfara í friðlandinu. Litið skal til leiðbeininga Samgöngustofu um ómönnuð loftför.

*Aðgerðir:*

- Mótaðar verði frekari reglur og gerðar leiðbeiningar um umferð báta við Dyrhólaey, sem komið verði á framfæri við aðila með bátaferðir og á vefsíðu á árunum 2018-2023.
- Reglur er gilda varðandi flug á svæðinu á varptíma verði skýrðar fyrir viðkomandi aðilum á árunum 2019-2023 .
- Upplýsingum um bann við landingum þyrla í eyrni verði komið til viðkomandi aðila á árið 2015.

### 3.8. Kynning og fræðsla

Kynningar- og fræðsluefni um náttúru, sögu og menningu Dyrhólaeyjar og þær reglur sem gilda um heimsóknir og umgengni í eyrni skulu vera aðgengilegar almenningi. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og auðskilinn hátt og þannig stuðlað að því að



fólk læri að meta og skilja þær náttúru- og menningarminjar sem verið er að vernda, þannig að stuðlað sé að góðri umgengni.

*Aðgerðir:*

- Umhverfisstofnun stefnir að því að gefa út fræðsluáætlun fyrir svæðið árið 2018. Þar verði fjallað um fræðsluskilti, útgæfið efni og fræðsluefni á vefinn.
- Stefnt skal að því að efnt verði til samstarfs við Köttlu jarðvang um gerð og miðlun fræðsluefnis árið 2014.

### 3.9. Rannsóknir og vöktun

Afla skal gagna þar sem þekkingu vantar varðandi náttúrufar, nýtingu, sögu og menningu Dyrhólaeyjar, ásamt því að meta þolmörk hennar og álag vegna heimsókna.

- Á árunum 2018-2023 er stefnt að því að gerð verði rannsóknar- og vöktunaráætlun. Vegna sérstöðu sinnar hefur Dyrhólaey mikið gildi fyrir rannsóknir og fræðslu um náttúru, sögu og menningu, en eyin er einnig áhugaverð til rannsókna í ferðamálafræðum. Fjölmargar náttúrufarsrannsóknir hafa nú þegar verið gerðar á og í eyinni, einkum á jarðfræði, fuglalífi og gróðri en einnig hafa fornleifar verið kannaðar lítillega.

### 3.10. Öryggismál

Öryggi gesta og starfsmanna skal tryggt sem best í Dyrhólaey.

*Aðgerðir:*

- Umhverfisstofnun stefnir að því að gefa út öryggisáætlun fyrir friðlandið árið 2018.
- Stígar og mannvirki verði vöktuð m.t.t. öryggismála.
- Stuðlað verði að slysaforvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum árið 2015.
- Starfsfólki verði veitt fræðsla og þjálfun um öryggismál og almenna skyndihjálp.

# Viðauki I

Mörk friðlandsins.



# Viðauki II

Stj.tíð. B, nr. 101/1978.

Sérprentun nr. 336.

## **Auglýsing um friðlýsingu Dyrhólaeyjar, Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.**

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Dyrhólaey, Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, og er eyjan friðland.

*Mörk friðlandsins:* Að vestan hugsuð lína úr fjöruborði við eyjuna 5 m vestan Hildardrangs. Þaðan boglína 50 m frá brekku- eða bergrótum allt austur að Útfalli, þó vel norðan jökulurðarinnar norður af vestanverðri Lágey. Síðan ræður Útfallið til sjávar en að sunnan sjávarströnd að vesturmörkum við Hildardrang. Friðlýsingarákvæðin gilda einnig um Arnardrang við Útfallið, svo og alla dranga og sker út af Dyrhólaey.

*Um friðlandið gilda þessar reglur:*

1. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt án leyfis [Umhverfisstofnunar]. Mannvirkjum, sem á friðlandinu eru, skal vel við haldið.
2. Hefðbundnar grasnytjar bænda í Dyrhólahreppi fá að haldast. Heildarfjöldi búfjár skal vera í samræmi við beitarþolsrannsókn sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins lætur gera. Öll beit er þó bönnuð fyrir 25. júní ár hvert og óheimilt er að halda stórgripum til beitar þar. Skal friðlandið girt fjárheldri girðingu. Áburðargjöf og uppgræðsla lands skal fara fram í samráði við náttúruverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.
3. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði. Hefðbundnar nytjar bænda í Dyrhólahreppi á æðavarpri, fýl og lunda fá þó að haldast svo sem verið hefur. Notkun skotvopna er bönnuð í Dyrhólaey og næsta nágrenni.
4. Almenni er heimil för um eyjuna í lögmætum tilgangi en leyfi þarf til að tjalda. [Umhverfisstofnun] getur þó takmarkað ferðir þangað á tímabilinu 1. maí til 25. júní. Akstur utan vega er bannaður. Umferð með hesta er heimil um eyjuna og stutt áning þar en lausaganga hesta er bönnuð. [Umhverfisstofnun] getur falið sérstakri umsjónarnefnd umboð sitt.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga. Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. febrúar 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson

---

Birgir Thorlacius

F.h. Umhverfisstofnunar, 29. október 2014

---

Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri

---

Ólafur A. Jónsson, sviðsstjóri